

GJALDSKRÁ

vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa í Ísafjarðarbæ.

1. gr. *Meginreglur*

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum, auglýsingu og kynninga vegna málsins. Umhverfisnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 17.989 kr. eða gjald skv. reikningi.

2. gr. *Skilgreiningar*

Afgreiðslugjald: gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og vegna skipulagsbreytinga. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu og yfirferð erindisins.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingu auglýsinga og aðra umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttum.

3. gr. *Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga*

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, viðmiðunargjald	334.611 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36 gr. Skipulagslaga	83.653 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga	71.702 kr.

4. gr. *Kostnaður vegna deiliskipulags*

<i>Nýtt deiliskipulag</i>	
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga	334.611 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga	83.653 kr.
<i>Verulegar breytingar á deiliskipulagi</i>	
Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	215.107 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	77.719 kr.
<i>Óverulegar breytingar á deiliskipulagi</i>	
Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2 mgr. 43. gr. skipulagslaga	143.405 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga	83.653 kr.

5. gr. *Kostnaður vegna grenndarkynningar*

Grenndarkynning	83.653 kr.
-----------------	------------

6. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis

Afgreiðslugjald	83.653 kr.
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald	155.356 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	83.653 kr.
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalín í framkvæmdaleyfisgjaldi	29.876 kr.

7. gr.

Gjalddagi

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari falla í gjalddaga við afgreiðslu erindis nema um annað sé samið.

8. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Leyfisgjöld eru ekki endurkræf þó leyfi falli úr gildi.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi þann 1. janúar 2020.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa í Ísafjarðarbæ nr. 1238/2017.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 5. desember 2019.

Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri.